

**Mál nr. 197/2009**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 8.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.6.2009, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 12.9.2008 varð árekstur með bifreiðunum A og B, sem M ók á Grensásvegi í Reykjavík. Bifreiðirnar voru kyrrstæðar á gatnamótum gegnt rauðu ljósi og var A fyrir aftan B. A mun vera sjálfskipt og er ökumaður hennar steig af hemlafetli rann hún aftan á B. Við það urðu skemmdir (beygla) á afturstuðara B, en engar á A. M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum á hálsi og baki við áreksturinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A sem var vátryggð hjá X.

Í beiðni heimilislæknis M um sjúkrapjálfun, dags. 23.10.2008, segir svo: “Hálstognun í bílslysi 12.9. Verkir síðan og stírðleiki í hálsi. Fer ekki út í handleggi. Dál. stírðleiki og verkir frá hálsi og niður í brjóstbak og vi. herðablað. Aumur vöðvar. Finnur fyrir þessu daglega. Vinnur mest við tölvur.” Frekari gögn um meiðsl M af völdum árekstursins liggja ekki fyrir í málinu.

X hefur hafnað greiðsluskyldu sinni úr ábyrgðartryggingu A, þar sem ósannað sé orsakasamband milli árekstursins og þeirra meiðsla sem M telur sig hafa hlotið við hann. Til stuðnings afstöðu sinni hefur X m.a. bent á skemmdir á bifreiðunum, svo og niðurstöðu sérstaks forrits, PC Crash, um höggkraft og hröðun sem varð við áreksturinn og áhrif höfðu á líkama M.

**Álit.**

Gögn um líkamstjón M sem hún hlaut við áreksturinn eru af mjög skornum skammti. Engin gögn liggja fyrir, svo sem matsgerðir, sem sýna fram á að sjúkdómseinkenni M verði rakin til árekstursins. Miðað við hve fyrirliggjandi gögnum eru rýr um líkamstjón M og gegn eindregnum andmælum X verður við svo búið að telja ósannað M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn sem veiti henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 7. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.